

Stækkun Skaganámu á Seyðisfirði, Múlaþingi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 6. október 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Múlaþingi um stækkun Skaganámu á Seyðisfirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknastofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun á Skaganámu og losun umframefnis í hafið, Seyðisfirði. Matsskyldufyrirspurn. Október 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Múlaþingi 28. október 2022, Minjastofnun Íslands 7. nóvember 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 20. október 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 10. nóvember 2022 og Umhverfisstofnun 18. október og 8. nóvember 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 24. nóvember 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Í greinargerð framkvæmdaraðila komu fram áform um að varpa efni sem ekki er hægt að nýta úr snjóvarnargörðunum í hafið. Í ljósi alvarlegra athugasemda í umsögn Umhverfisstofnunar ákvað framkvæmdaraðili að falla frá þeirri framkvæmd og snýr ákvörðunin, sem hér er til umfjöllunar, því eingöngu að stækkun Skaganámu.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun núverandi námu um 0,3 ha og auka efnistöku úr 30.000 m³ í 350.000 m³. Gert er ráð fyrir að um 150.000 m³ efnis verði notað við framkvæmdir vegna snjóflóðavarnargarða. Eftir stendur allt að 200.000 m³ af efni sem geti nýst sveitarfélaginu við ýmiss konar uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Staðið verður þannig að verki að klöpp verður losuð með sprengingum og verður um 5.000 m³ af efni losað í einu. Áætlað er að stór hluti efnisins, sem verður notaður við framkvæmdir vegna snjóflóðavarnargarða, verði nýttur á næstu 5 árum og verður þá gengið frá þeim hluta námunnar. Við frágang verður þess gætt að yfirborð raskaðra svæða falli sem best að aðliggjandi landi, fláar verði ekki brattari en 1:3 og í námubotninum verður þess gætt að ekki verði lægðir sem vatn geti safnast í. Uppgræðsla mun taka mið af uppgræðsluáætlun snjóflóðavarnargarðanna en mikilvægt er að binda jarðvegsyfirborð með gróðri, bæði vegna ásyndar og eins til að koma í veg fyrir landeyðingu og moldrok.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um sé að ræða opna grjótnámu sem hafi þann kost að námuvegur liggja utan vegakerfis milli námunnar og núverandi vinnusvæðis. Í áætlun um efnistöku komi fram að ganga eigi frá þeim hluta námunnar sem nýttur verði vegna yfirstandandi framkvæmda og að hér sé um að ræða viðbót við umhverfisáhrif sem séu að hluta þegar komin



fram. Stofnunin telji að við efnistöku eigi að leggja áherslu á að fullvinna þann hluta námunnar strax sem ætlunin sé að ganga frá svo ekki verði skortur á efni til frágangs og hægt sé að ganga ásættanlega frá námunni. Við frágang mætti nota umframefni frá snjóflóðavarnargörðum og væri þá unnt að nýta ferðir í báðar áttir þegar flutningur á grjóti hefjist. Þar sem um mikið magn umframefnis sé að ræða ætti ekki að þurfa að huga að fláum vinnslustáls ef þessu efni yrði keyrt í námuna en leggja ætti áherslu á að fella námuna að landi og milda jaðar hennar með því að fella hlíð ofan námunnar að landi neðan hennar. Þar myndi framboð efnis ráða hvort unnt yrði að gera þetta án þess að fjarlægja mön neðan námunnar.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar Umhverfisstofnunar.

Í umsögn Vegagerðarinnar er óskað eftir upplýsingum um umferð vegna námuflutninganna. Æskilegt sé að önnur leið verði fyrir valinu til efnisflutning en eftir þjóðvegum, ef mögulegt sé. Einnig er bent á að mikilvægt sé að mól eða leir berist ekki inn á þjóðveg vegna umferðaröryggis og óþrifa.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að flutningar úr námu munu ekki koma til með að fara um þjóðveg. Í tengslum við framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða hafi verið útbúinn vinnuvegur sem liggja um framkvæmdasvæðið, ofan við þéttbýlið, m.a. í þeim tilgangi að draga úr áhrifum á hljóðvist og draga úr ónæði innanbæjar. Að hluta til sé um bráðabirgðaveg að ræða þar sem vegurinn fari að stórum hluta undir varnargarða að framkvæmdum loknum og falli hann ekki undir grunnkerfi samgangna á svæðinu.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Múlaþings og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Skaganáma sé í dag opin náma sem sjáist frá Vesturvegi og nærliggjandi byggð. Svæðið sé í dag töluvert raskað og rask komi til með að aukast með aukinni efnistöku og náman verði sýnilegri á stærra svæði. Í dag séu manir staðsettar fyrir framan námusvæðið m.a. í þeim tilgangi að draga úr áhrifum á ásynd. Einhver breyting verði á einkennum svæðisins en áhrifin verði staðbundin og að einhverju leyti tímabundin. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg til neikvæð ásynd.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að gera megi ráð fyrir að ásyndaráhrif námunnar verði mun meiri en miðað við núverandi aðstæður þar sem taka eigi 320.000 m³ meira efni. Flatarmál námunnar eigi samt aðeins að stækka um 0,3 ha og því verði farið mun dýpra en áður hafi verið áætlað. Þetta muni gera frágang námunnar erfiðari þar sem bergstálið við vesturhluta námunnar verði hátt. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir með framkvæmdaraðila að áhrif á ásynd og landslag og jarðmyndanir komi til með að verða óveruleg til neikvæð.

Áhrif á vistgerðir og gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. fyrirbyggjandi upplýsingum muni stækkun Skaganámu koma til með að raska vistgerðum með lágt til hátt verndargildi en vistgerðirnar séu allar algengar og útbreiddar hér á landi. Við frágang verði þess gætt að binda jarðveginn með gróðri, m.a. til að koma í veg fyrir landeyðingu og moldrok. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á vistgerðir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ofan námunnar séu hallamýrar sem gætu verið starungsmýrarvist eða tjarnarstaðarflóavist sem hafi mjög hátt verndargildi og jarðvegur með miklum kolefnisforða. Fyrri námuvinnsla hafi þó raskað þessu landi og rýrt verndargildi



mýrlendisins. Stofnunin bendir á að við frágang námunnar skuli þess gætt að ágengar tegundir nái ekki fótfestu og dreifi úr sér.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á hluta athugunarsvæðisins í tengslum við umhverfismat tveggja framkvæmda á svæðinu og muni fyrirhuguð stækkun Skaganámu ekki koma til með að raska skráðum fornleifum. Áður en framkvæmdir hefjist verði fornleifafræðingur fenginn til að fara yfir svæðið þar sem fornleifaskráning hafi ekki farið fram og niðurstöður kynntar Minjastofnun Íslands.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er fallist á áform framkvæmdaraðila. Þegar skráning liggja fyrir muni stofnunin taka afstöðu til þess hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum og ef svo er hverjar þær skuli vera.

Áhrif á hljóðvist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í dag sé unnið efni út námunni og megi búast við áframhaldandi ónæði vegna vinnuvéla og sprenginga á framkvæmdatíma einkum á næstu 5 árum þegar mest af efninu verði tekið en umferð vegna efnistöku í tengslum við snjóflóðavarnir muni eingöngu koma til með að fara um vinnuslóða sem liggja frá námunni að framkvæmdasvæðinu. Íbúðarbyggð sem standi næst framkvæmdasvæðinu sé í um 200 m fjarlægð. Unnið verði samkvæmt reglugerð um hávaða og verði háværar framkvæmdir, t.a.m. sprengingar, kynntar íbúum á nærliggjandi svæði með sannarlegum hætti áður en framkvæmdir hefjist. Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif á hljóðvist vegna vinnslu og efnisflutninga staðbundin og tímabundin og telur framkvæmdaraðili að þau verði óveruleg.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 en unnið er að aðalskipulagsbreytingu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að sett verði skýr skilyrði um efnistöku og frágang námunnar í aðalskipulagsbreytinguna að öðrum kosti verði unnið deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlapings samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð um starfsleyfi nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun Skaganámu og aukna efnistöku úr 30.000 m³ í 350.000 m³. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem með tilliti til landnotkunar. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Fyrirhuguð framkvæmd er nokkuð umfangsmikil og felur í sér talsverða stækkun á námunni frá því sem nú er og telur Skipulagsstofnun að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á ásýnd og landslag og þá einkum á framkvæmda- og rekstrartíma námunnar. Þó að í dag sé opin náma á svæðinu með tilheyrandi raski mun stækkun námunnar breyta enn frekar ásýnd svæðisins til verri vegar og gera hana sýnilegri. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi frágangs og landmótunar til þess að draga úr neikvæðum ásýndaráhrifum efnistökusvæðisins og tekur undir með Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að fullvinna þann hluta námunnar strax sem ganga á frá eftir 5 ár og að nýta umframefni frá snjóflóðavarnargörðum til frágangsins. Ef vel tekst til með frágang ættu áhrif Skaganámu á landslag og ásýnd að efnistöku lokinni ekki að vera veruleg. Framkvæmdin er ekki líkleg til að auka ónæði fyrir íbúa vegna hávaða frá efnisvinnslu og umferð miðað við núverandi aðstæður en ljóst er að áframhaldandi efnistaka kemur til með að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist á meðan á efnistöku og efnisflutningum stendur. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess með framkvæmdaraðila að unnið verði samkvæmt reglugerð um hávaða, m.a. hvað varðar ákvæði um tímamörk vegna háværra framkvæmda og að allar sprengingar verði kynntar íbúum á nærliggjandi svæði með góðum fyrirvara. Framkvæmdirnar koma til með að raska gróðri við stækkun námunnar og gætu raskað vistgerðum með miðlungs og hátt verndargildi en skv. fyrirbyggjandi gögnum eru þessar vistgerðir algengar og útbreiddar hér á landi. Við frágang á námunni hyggst framkvæmdaraðili binda jarðveg með gróðri og tekur Skipulagsstofnun undir með Náttúrufræðistofnun Íslands um að við frágang verði þess gætt að ágengar tegundir nái ekki fótfestu og dreifi úr sér. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif á gróður verði ekki veruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 25. janúar 2023.

Reykjavík, 19. desember 2022

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir